

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	Sk.st.	MAL
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðasjúkdómum, geðsjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum, sykursýki, verkjum og svefnvandamálum. Eins er minnst á sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfja, aukaverkanir, milliverkanir og helmingunartíma lyfja. Farið er almennt í lyfjaskrár og notkun á þeim.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu sérlyfjaskrár
- ATC-flokkunarkerfi lyfja
- ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum
- hugtökum sem notuð eru varðandi frásög, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja
- helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum
- áhrifum hjarta- og æðasjúkdómslyfja, geðlyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja, sykursýkislyfja, verkjalyfja og svefnlyfja
- helstu flokkum lyfja við Alzheimer sjúkdómi og áhrifum sýkla- og meltingarfæralyfja
- helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja
- blóðþéttmikúrfum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita að upplýsingum um lyf á netinu
- flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu
- reikna út helmingunartíma lyfja
- aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á
- átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra

Námsgögn:

Bók: Lyfjafræði 103, hefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur. Reykjavík 2016 eða nýrri.

Annað: Etv. greinar sem tengjast efni áfangans.

Ýmsar vefsíður er tengjast efni áfangans

Lyfjafræði LYFJ2LS05 FJARNÁM Námsáætlun haustönn 2021



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi
Lota 1	Kynning á áfanganum, námsefni og fyrirkomulag. Almenn verkun / staðbundin verkun / lyfjagjafir / lyfjaform. Helstu grunnhugtök tengd lyfjafræði. Aldraðir og meðferðarhaldni. Leið lyfsins	Vikuleg verkefni úr köflum 1-3. Myndbandsverkefni	4,5% 10%
Lota 2	Maga og þarmalyf Verkjalyf / bólgueyðandi lyf Sérlyfjaskrá.	Vikuleg verkefni úr köflum 4-5. Verkefni úr sérlyfjaskrá	3% 5%
Lota 3	Öndunarfæralyf Húðlyf Róandi lyf / svefnlyf / geðdeyfðarlyf / sefandi lyf	Miðannarpróf Vikuleg verkefni úr köflum 6-8. Útdráttur úr grein	15% 4,5% 5%
Lota 4	Lyf við hjarta- og æðasjúkdómum Sykursýkislyf Undirbúningur fyrir próf	Vikuleg verkefni úr köflum 9-10. kafli	3%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Kafla verkefni	Spurningum svarað úr hverjum kafla		15 %
Myndband	Lýsa/útskýra ferli		10 %
Annarpróf	Á moodle		15 %
Sérlyfjaskrá	Eitt verkefni unnið upp úr sérlyfjaskrá		5 %
Útdráttur	Verkefni unnið upp úr fræðigreini		5 %
Lokapróf	Skriflegt próf í lok annar		50 %
	Samtals:		100%

Annað: Ná þarf 4 á lokaprófi til þess að aðrir námsmatsþættir gildi til lokaeinkunnar.
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Dagsetning: 5.9'21

Maria A. Fr.
Undirritun kennara

Inga B. Olafsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils